JEPPARAFGEYMAR
MIKIÐ ÚRVAL - TRAUST OG FAGLEG ÞJÓNUSTA
30 ÁRA REYNSLA

Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

BÍLDSHÖFÐA 12 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI: 577 1515 - WWW.SKORRI.IS

KÓPAUOGUR

12. APRÍL 2013
1. tölublað 1. árgangur

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN

Ármann Kr Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, tekur fyrstu skóflustunguna að nýjum leikskóla í Austurkór í Kópavogi með góðri aðstoð ungra íbúa bæjarins. Sjá viðtal við bæjarstjóra á síðum 8 og 9.

Ármann Ólafsson, bæjarstjóri um pólitísk átök síðustu ára:

„Átökin eru bundin við ákveðnar persónur í bæjarstjórn“

„Átökin milli aðila í bæjarstjórn síðustu árin hafa gengið úr hófi fram. Þau eru oft á tíðum bundin við ákveðnar persónur“ segir Ármann Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi aðspurður um þau átök sem verið hafa í bæjarstjórn Kópavogs síðustu ár.

Hann segir einnig að reynt hafi verið að reyna að breyta þeirri umræðuhefð, til dæmis með breytingum á fundarfyrirkomulagi bæjarstjórnar. „Þannig höfum við reynt að gera umræðu um einstök mál markvissari og betri. Það er ekki komin löng reynsla á þetta nýja fyrirkomulag, nokkrir fundir hafa gengið mjög vel en aðrir hafa farið í gamla farið.“ Sjá nánar á opnu blaðsins.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.

EIGNAumsjón
www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Plokkfiskur
- Hollur kostur tilbúinn á 5 mín.
Verum gáfuð og borðum fisk
Kveðja Grímur kokkur
www.grimurkokkur.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

HÖFUÐVERKUR - TANNVERKUR - TÍÐAVERKUR - MÍGRENI - HITI
NÝTT
Hraðvirkt bólgueyðandi verkjalyf

ibuxin rapid
ibuprofen

fæst án lyfseðils í apótekum

LYFIS
Traust í lyfjum

ratiopharm

Notkunarsvið: ibuxin rapid inniheldur ibuprofen sem er lyf sem dregur úr verkjum og hita (flokkur: bólgueyðandi gigtarlyf sem ekki er steri). **Ibuxin rapid er notað við** vægum til miðlungi miklum verkjum, svo sem höfuðverk, tannverk, tíðaverk, bráðum mígrenihöfuðverk, hita og verkjum vegna kvefs. **Ekki má nota ibuxin rapid:** Ef þú ert með ofnæmi fyrir ibuprofeni eða einhverju öðru innihaldsefni ibuxin rapid. Ef þú hefur fundið fyrir mæði, astma, nefrennsli, þrota eða ofsakláða eftir notkun acetylsalicylsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja sem ekki eru sterar (NSAID). Ef þú ert með óútskýrða blóðmyndunartruflun. Ef þú ert með eða hefur haft endurtekin sár (ætisár) eða blæðingu í maga/skeifugörn. Ef þú hefur fengið blæðingu eða rof í meltingarvegi við fyrri meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Ef þú ert með blæðingu í heilaæðum eða aðra virka blæðingu. Ef þú ert með alvarlega skerðingu á lifrar- eða nýrnastarfsemi. Á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Ef þú ert með kransæðasjúkdóm eða alvarlega hjartabilun. Ef þú þjáist af verulegri ofþornun. **Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun ibuxin rapid:** Ef þú ert með arfgengan blóðmyndunarsjúkdóm (bráða porfýríu með hléum). Ef þú ert með ákveðna sjálfsnæmissjúkdóma (rauða úlfa og blandaðan bandvefssjúkdóm). Ef þú ert með sjúkdóma í meltingarfærum eða langvinna bólgusjúkdóma í þörmum (sáraristilbólgu, Crohn´s sjúkdóm). Ef þú ert með skerta nýrna- eða lifrarstarfsemi. Ef þú þjáist af ofþornun. Ef þú ert með eða hefur haft háþrýsting eða hjartabilun. Ef þú ert með ofnæmi (t.d. húðviðbrögð við öðrum lyfjum, astma, ofnæmiskvef), langvarandi þrota í slímhúðum eða langvarandi teppusjúkdóm í öndunarfærum. Ef þú ert með storkutruflun í blóði. Strax eftir stórar skurðaðgerðir. **Meðganga og brjóstagjöf:** Þú mátt aðeins nota ibuxin rapid á fyrstu 6 mánuðum meðgöngu eftir að hafa ráðfært þig við lækninn. Ekki má nota ibuxin rapid síðustu 3 mánuði meðgöngu. Yfirleitt er ekki nauðsynlegt að gera hlé á brjóstagjöf við skammtíma notkun í ráðlögðum skömmtum. **Algengustu aukaverkanir:** Sár, rof eða blæðing í meltingarvegi, stundum lífshættuleg, einkum hjá öldruðum, geta komið fram. Ógleði, uppköst, niðurgangur, vindangur, hægðatregða, meltingartruflanir, kviðverkur, sortusaur, blóðuppköst, sáramunnbólga, versnun ristilbólgu og Crohn´s sjúkdóms hafa komið fram. **Skammtastærðir:** Fullorðnir og unglingar yfir 40 kg: 200 mg – 400 mg skammtar, að hámarki 1.200 mg á sólarhring. Börn og unglingar: Hámarksskammtur af ibuprofeni á dag er 30 mg á hvert kg líkamsþyngdar, skipt niður í 3 til 4 staka skammta. 20-29 kg: 200 mg skammtar, að hámarki 600 mg á sólarhring. 30-39 kg: 200 mg skammtar, að hámarki 800 mg á sólarhring. Ekki skulu líða minna en 6 klst. á milli skammta. **Ibuxin rapid skal aðeins nota hjá börnum sem eru a.m.k. 20 kg að þyngd. Lesið vandlega leiðbeiningar í fylgiseðli sem fylgir lyfinu.** Júlí 2012.

Kópavogsdagar haldnir í tíunda sinn:

Ber uppá 58 ára afmæli bæjarins

-skráning viðburða hefst í næstu viku

Kópavogsdagar, menningarhátíð Kópavogs, verða haldnir 4. til 11. maí. Þetta er í tíunda sinn sem hátíðin er haldin. Allir þeir sem vettlingi geta valdið eru hvattir til að vera með viðburð á menningarhátíðinni. Miðpunktur hátíðarinnar verður sem fyrr á menningartorfunni.

Karen Elísabet Halldórsdóttir er formaður lista- og menningarráðs og var spurð nánar útí viðburðinn. Fyrst var hún innt eftir mikilvægi hátíðar sem þessarar:

,,Kópavogsdagar er árleg menningarhátíð Kópavogs og er haldin núna í 10. sinn og verða ýmsir viðburðir 4.- 11. maí sem tengjast því afmælisdegi Kópavogs sem er 11. maí og verður bærinn 58 ára í ár. Markmið hátíðarinnar er meðal annars að gefa bæjarbúum kost á því að kynnast og sjá afrakstur menningarstarfsins í Kópavogi. Bærinn heldur úti kraftmiklum menningarstofnunum, og söfnum, svo sem Gerðarsafni, Salnum, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Tónlistarsafni Íslands og Bókasafni Kópavogs.

Allar þessar stofnanir eru á sama reitnum á Borgarholtinu og á Kópavogsdögunum verða þær allar með uppákomur sem gefa bæjarbúum nasaþef af því mikla starfi sem þar fer fram allan ársins hring. Ég veit reyndar að bæjarbúar hafa verið duglegir við að sækja söfnin heim og njóta þess sem þau hafa upp á að bjóða en stundum verðum við líka að halda eins konar uppskeruhátíð." segir Karen.

,,Börn hafa gaman af menningarviðburðum"

-Verður hátíðin með svipuðu móti og í fyrra eða verður bryddað uppá nýjungum?

„Við ætlum að halda áfram með Ormadaga þetta árið sem lukkaðist afar vel í fyrra. Tilgangur Ormadaga er að vekja áhuga barna og ungmenna á listum sem og að kynna fyrir þeim þær stofnanir sem bærinn rekur á Torfunni. Við sem foreldrar erum stundum rög við að taka krakkana okkar á lista- og viðburðasýningar þar sem að við gefum okkur að þeim leiðist og einhverra hluta vegna kunni þau ekki „haga sér" inn á menningarstofnunum. Fyrir vikið förum við sjálf jafnvel sjaldnar á lista- og menningarviðburði.

Ég tel að þetta sé mikill misskilningur því að börn hafa afskaplega gaman af menningarviðburðum og okkar reynsla er að þeim virkilega líður vel inná slíkum viðburðum, við þurfum bara að venja þau við þá. Í fyrra komu hundruð barna á Ormadaga þar sem þau hlustuðu heilluð á tónlist í Salnum og í Tónlistasafni Íslands, tóku þátt í listasmiðjum og kynntust Náttúrufræðistofu og Bókasafninu á annan veg en áður.

Ljóðlist í strætó og sundlaugum

-En hver er reynsla menningarráðs af síðustu hátíðum? Hvernig hefur aðsóknin verið?

„Reynsla okkar af undangengnum hátíðum virkilega góð. Þessi hátíð sem

og aðrir hlutir í okkar góða samfélagi hefur þurft að taka tillit til minnkandi fjármagns. Hins vegar hefur skertari fjárhagur kennt okkur að gera hlutina á annan máta og í raun alls ekki síðri. Við höfum einvalafólk í hverju horni sem leggur sig ár hvert fram um að gera hátíðina sem mesta og besta. Aðsóknin á Kópavogsdaga í fyrra var til fyrirmyndar og við sjáum á hverju ári auknar aðsóknartölur sem og fjölbreytni verkefna sem taka þátt.

Margir vellukkaðir atburðir voru á síðasta ári en af þeim sem bærinn stóð sérstaklega að var til dæmis þegar við settum verðlaunaljóð sigurvegaranna í grunnskólakeppninni um Ljóðstaf Jóns úr Vör á flot í sundlaugum Kópavogs sem og í tiltekna strætisvagna. Þetta ýtti ennfrekar undir áhuga á ljóðalistinni og þeirri einstæðu keppni sem Ljóðstafurinn er, sem og vakti aðferðin mikla athygli."

-Verður umfangið svipað og í fyrra?

„Kópavogsdagar eru síbreytilegir og því til marks eru þeir enn í mótun. Við erum núna að safna viðburðum á síðuna okkar og því á enn margt eftir að koma í ljós. En já umfangið er svipað og í fyrra" segir Karen að lokum.

STUTT OG LAGGOTT

Starfshópur um bókasafn skipaður

Starfshópur um framtíðarskipan Bókasafns Kópavogs hefur verið skipaður.Honum er ætlað að skoða „ hvort ástæða sé til þess að breyta áherslum safnsins og staðsetningu útibús í ljósi mikilla umskipta sem orðið hafa á upplýsingamiðlun með tilkomu síbreytilegrar upplýsingatækni, stækkunar bæjarins og hvort æskilegt sé að safnið veiti bæjarbúum fjölbreyttari þjónustu en nú er" eins og segir í fundargerð.

Starfshópinn skipa:
Páll Magnússon formaður
Guðrún Pálsdóttir
Steingrímur Hauksson
Hrafn Andrés Harðarson
Arna Schram

Þörf á aukum mannafla í þjónustudeild aldraða

Félagsmálaráð Kópavogs lýsir yfir áhyggjum sínum af biðlistum eftir dag- og kvöldþjónustu í þjónustudeild aldraða sem rekin er í samstarfi við Heilsugæsluna. Ráðið telur mikilvægt að starfsmönnum þar fjölgað verði um eitt viðbótarstöðugildi.

Fulltrúar í félagsmálaráði bókuðu á fundi á dögunum að við gerð næstu fjárhaghagsáætlunar þurfi að hafa í huga fjölgun í hópi aldraðra og bregðast við með auknum mannafla í þjónustunni.

Borgarafundur í beinni

Borgarafundur með frambjóðendum til Alþingiskosninga í suðvesturkjördæmi verður á rás 2 , mánudaginn 22. apríl.

Fundurinn verður einnig sendur út í mynd á vef ríkisútvarpsins ruv.is. og er hefst hann klukkan 19:30.

Auglýsingasíminn er 578 1190
Netfang: auglysingar@fotspor.is.

25 styrkir afhentir til menningarmála

-fjölbreytt verkefni styrkt

Kópavogsbær veitti nýverið 25 einstaklingum, hópum og samtökum styrki úr lista- og menningarsjóði fyrir samtals tæplega tíu milljónir króna. Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri og Karen E. Halldórsdóttir, formaður lista- og menningarráðs, afhentu styrkina við hátíðlega athöfn í Gerðarsafni, listasafni Kópavogs.

Hæsti styrkurinn nemur 1,5 milljónum króna og rennur hann til Björns Thoroddsen tónlistarmanns sem haldið hefur árlega Jazz- og blúshátíð í Salnum í Kópavogi. Tónlistarhátíð unga fólksins, sem haldin hefur verið í Kópavogi undanfarin sumur, fékk veglegan styrk sem og Töfrahurðin, sem er tónlistarfræðsla fyrir leik- og grunnskólabörn í Kópavogi.

Af öðrum verkefnum má nefna danssmiðju fyrir börn og unglinga, hádegistónleika í Salnum, skrásetningu örnefna og kennimerkja í Kópavogi, ritun sögu hernámsáranna í Kópavogi, uppsetningu leiksýningar um fjölskyldu í Kópavogi, gerð kvikmyndar og tónleikana "Mozart við kertaljós" í Kópavogskirkju.

Að auki fá einstakir listhópar rekstrarstyrki.Þar á meðal eru Kvennakór Kópavogs og Karlakór Kópavogs, Myndlistarfélag Kópavogs, Sögufélag Kópavogs og Ritlistarhóp Kópavogs.

Frá afhendingu menningarverðlauna Kópavogs

SPEGLA DAGAR

30% AFSLÁTTUR

FÁÐU RÁÐGJÖF

HJÁ SÉRFRÆÐINGUM OKKAR

Ispan®

ALLT Í GLERI SÍÐAN 1969

CE VOTTUÐ FRAMLEIÐSLA

- ARINGLER
- BÍLSPEGLAR
- BORÐPLÖTUR
- EINANGRUNARGLER
- ELDVARNARGLER
- HAMRAÐ GLER
- HANDRIÐ
- HILLUR & HURÐIR
- MILLIVEGGIR
- SANDBLÁSIÐ
- SJÁLFHREINSANDI
- SKJÓLVEGGIR
- SÓLVARNARGLER
- STURTUGLER
- VEGGKLÆÐNING
- ÞAKGLER O.FL. O.FL.

GLER OG SPEGLAR

54 54 300 • SMIÐJUVEGI 7 • KÓPAVOGI

Samkór Kópavogs:

Tónleikar í Salnum 18. apríl

Samkór Kópavogs mun halda sína árlegu vortónleika í Salnum, tónlistahúsi Kópavogs fimmtudaginn 18.apríl n.k. kl. 20. Ásamt kórnum mun koma fram hinn landskunni söngvari Bjarni Arason og söngkonan Ragnheiður Sara Grímsdóttir. Um hljóðfæraleik sjá þeir Gunnar Gunnarsson píanóleikari, Gunnar Hrafnsson bassaleikari, Eric Qvik trommuleikari og Örn Arnarson gítarleikari. Stjórnandi er Skarphéðinn Þór Hjartarson.

Á tónleikunum mun gleðin ráða ríkjum enda þema þeirra vorið, ástin og gleðin. Auk þess að flutt verði klassísk sönglög munu verða fluttar þekktar dægurperlur sem margar eru í nýjum útsetningum eftir Skarphéðin stjórnanda kórsins. Má þar nefna lög eins og Sem lindin tær, Bláu augun þín og Heyr mína bæn. Bæjarbúar eru hvattir til að tryggja sér miða á www.salurinn.is

Styttist í 50 ára afmæli kórsins

Samkór Kópavogs er blandaður kór sem var stofnaður árið 1966 og eru því örfá ár þar til hann heldur upp á fimmtíu ára afmæli sitt. Kórinn hefur tekist á við hin ýmsu verkefni bæði stór og smá. Þar á meðal má nefna flutning verka eftir breska tónskálið Karl Jenkins en það verkefni var flutt með sinfóníuhljómsveit skipuð meðal annars kennurum og nemendum úr Tónlistaskóla Kópavogs.

Samkórinn er skipaður vönu söngfólki sem margt hvert hefur sungið með kórnum um árarаðir. Í Samkórnum hefur ávallt ríkt góður félagsandi og hefur kórinn auk þess að halda tónleika farið í fjölda söng- og skemmtiferða bæði innan- og utanlands.

Samkórinn er ætíð tilbúin að taka á móti nýjum félögum og eru sönggladir Kópavogsbúar sem og aðrir velkomnir að bætast í hópinn á haustdögum.

Kórinn æfir í Lindarkirkju á mánudagskvöldum. Nánari upplýsingar má finna á www.samkor.is og einnig hjá formanni kórsins Birnu Birgisdóttur í síma 692-4133 Netfang kórsins er: samkor@samkor.is

Frá ferð kórsins til St Pétursborgar sumarið 2012

LEIÐARI

Ritstjórar heilsa

Kæri Kópavogsbúi

Blaðið sem þú ert með í höndunum er fyrsta tölublað Bæjarblaðsins Kópavogs og því er um nokkur tímamót að ræða. Unnið hefur verið að undirbúningi þessa blaðs um nokkurn tíma en nú er sem sagt komið að því að blaðið líti dagsins ljós.

Við munum kappkosta að flytja fréttir af mannlífi og atvinnulífi úr því fjölbreytta og líflega samfélagi sem Kópavogur er. Af nógu er að taka í menningar- og mannlífi og þiggjum við einnig allar ábendingar um efni með þökkum.

Þetta tölublað er með sérstökum brag. Eins og varla hefur farið framhjá nokkrum manni verður gengið að kjörborðinu eftir tvær vikur eða svo og nýtt þing kjörið. Okkur því fannst tilvalið að senda spurningar til allra framboðanna og leggja spurningar fyrir þau öll svo kjósendur hafi möguleika á að bera svör þeirra saman. Mikil ásókn hefur verið í að fá birtar greinar eftir frambjóðendur í blaðinu og ekki var rúm fyrir þær allar. Enda um 14 framboð að ræða svo enginn getur svo sem kvartað yfir skorti á valkostum.

Það þótti við hæfi að taka hús á bæjarstjóra vegna fyrsta tölublaðsins. Farið er yfir víðan völl í viðtalinu og ýmislegt fróðlegt ber þar á góma. Að ári liðnu er komið að því að velja fulltrúa í sveitarstjórnum landsins og fróðlegt verður að sjá hvernig framboðsflóran verður þá,í síðustu kosningum voru tveir nýir bæjarmálaflokkar í boði og náðu hvor um sig ágætis árangri.

Blaðið er gefið út af fyrirtækinu Fótspori sem gefur út níu héraðs- og bæjarblöð um allt land. Sum þeirra koma út mánaðarlega, önnur hálfsmánaðarlega og enn önnur einu sinni í mánuði. Blöðin eru óháð öllum stjórnmálaflokkum og sérhagsmunum. Það er von okkar sem að þessu blaði standa að því verði vel tekið og grundvöllur verði fyrir því að fjölga útgáfudögum blaðsins í fjóra á mánuði.

Lifið heil,

Hólmfríður Þórisdóttir, og Sigurður Þ Ragnarsson

ritstjórar

HVAÐ VEISTU UM BÆINN ÞINN?

Spurningin í þessu blaði er:

Hvenær fékk Kópavogur kaupstaðaréttindi?

Hvað veistu um bæinn þinn eru laufléttar spurningar um Kópavog og sögu hans. Ein spurning birtist í hverju blaði og er svarið að finna á blaðsíðu 14 í blaðinu.

KÓPAVOGUR
1. TBL. 1. ÁRGANGUR 2013

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. **Framkvæmdastjóri:** Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjórar:** Hólmfríður Þórisdóttir, sími 699 0450, netfang: holmfridur@vedurehf.is, Sigurður Þ Ragnarsson netfang: hafnarfjordur@vedurehf.is, **Ljósmyndari:** Þórir Snær Sigurðarson, sími 615 2049. **Blaðamenn:** Linda Hrönn Þórisdóttir, Þórir Snær Sigurðarson. **Veffang:** fotspor.is, **Umbrot:** Prentsnið, **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja, 11.000 eintök. **Dreifing:** Póstdreifing.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í **11.000** EINTÖKUM
Í ALLAR ÍBÚÐIR Í KÓPAVOGI

Blikarnir stefna hátt í Pepsi-deildinni

Nú styttist í að íslenska knattspyrnusumarið hefjist. Íslandsmótið í knattspyrnu, Pepsi-deildin hefst í byrjun maímánuðar og undirbúningurinn stendur sem hæst. Atli Sigurðarson, framkvæmdarstjóri Knattspyrnudeildar Breiðabliks segir að æfingatímabilið hafi gengið vel. Meistaraflokkur bæði kvenna og karla héldu í æfingaferð til Jerez á Spáni í vikunni og er það lokaundirbúningurinn fyrir sumarið. Vonast er eftir því að fljótlega eftir heimkomuna geti liðin byrjað að spila á grasi.

Bæði karla- og kvennaliðið uppskáru góðan árangur í Pepsi-deildinni síðastliðið sumar. Í karlaflokki höfnuðu Blikar í öðru sæti en fimmta sætið varð niðurstaðan í kvennaflokki. „Við stefnum á að færa okkur upp um eitt sæti í karlaflokki," bætir Atli við. Fyrsti leikurinn í Pepsi-deild karla fer fram sunnudaginn 5. maí næstkomandi. Þá fá Blikarnir lið Þórs í heimsókn. Þann 7. maí er fyrsti leikur í Pepsi-deild kvenna og heimsækja Blikarnir þá HK/Víking á Víkingsvelli. Mikil gróska er í knattspyrnudeild Breiðabliks. Um 1100 iðkendur eru í deildinni og að sögn Atla er það mesti fjöldi iðkenda í knattspyrnufélagi á Íslandi. Óhætt er því að segja að framtíðin sé björt hjá Blikunum. *LHÞ*

Ólafur Kristjánsson, þjálfari meistaraflokks karla. Mynd: Heiða Gunnlaugs.

Tómas Óli Garðarsson í harðri baráttu sumarið 2012. Mynd: Heiða Gunnlaugs

KINAHOFID

TILBOÐ

SÚPA DAGSINS OG FJÓRIR RÉTTIR:

- **Kjúklingur í karrýsósu**
- **Djúpsteiktar rækjur með súr-sætri sósu**
- **Nautakjöt í ostrusósu**
- **Núðlur með grænmeti**

Allt þetta fyrir 1.590 kr. á mann

Tekið heim 1.450 kr. á mann

Heimsent:
1.590 kr. + 900 kr. heimsendingargjald

www.kinahofid.is

NYBILAVEGUR 20 - 200 KÓPAVOGUR - SÍMI: 554 5022

MICKEY THOMPSON PERFORMANCE M/T TIRES & WHEELS

JEPPADEKK

BAJA STZ™

Eitt það hljóðlátasta.
Dekkið er nákvæmt í stýringu og með frábært grip í öllum skilyrðum sem gerir þetta dekk að góðum valkosti jafnt í vinnu og leik.

Mynstrið eykur stöðugleika, endingu og grip í bleytu og snjó.

Söluaðilar: Öll helstu dekkjaverkstæðin á landinu.

mtdekk.is

Umboðsaðili: Icetrack ehf.
Sími 690 1919

KÓPAVOGUR

Auglýsingasíminn er 578 1190
Netfang: auglysingar@fotspor.is.

Er rakastigið of hátt?

VIFTUR

hljóðlátar og rakastýrðar

íshúsið

Lausnir til að stýra raka

www.viftur.is

Bílaverkstæði

Allt á einum stað

Smurstöð

Bremsur, spindilkúlur, stýrisendar, o.fl., o.fl.

Bíla...Áttan
Sími 587 1400
Smiðjuvegi 30

Allar gerðir bætiefna fyrir vél, drif og gírkassa

Dekkjaverkstæði

www.bilaattan.is

Varahlutaverslun

TÜV SÜD í Þýskalandi framkvæmdi viðamikla samanburðarrannsókn á eiginleikum eldsneytissparandi dekkja og var könnunin framkvæmd við fjölbreyttar aðstæður bæði í Þýskalandi og á Spáni.
Þessi rannsókn staðfesti árangur Yokohama:

DEKKJAHÖLLIN
REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR - AKUREYRI

SKEIFUNNI 5 581 3002 | SKÚTUVOGI 12 581 3022 | ÞVERKLETTUM 1 471 2002 | DRAUPNISGÖTU 5 462 3002

YOKOHAMA
-ótvíræður sigurvegari

#1 Minnsta eldsneytiseyðslan
5% minni eldsneytiseyðsla en dekkið í öðru sæti.
#1 Hljóðlátasta dekkið
#1 Besta gripið á þurrum vegi

sjá nánar á dekkjahollin.is

X2013

Alþingiskosningar 2013

Bæjarblaðið Kópavogur sendi nokkar spurningar til allra þeirra 14 framboða sem tilkynnt hafa um framboð til Alþingis 27. apríl næstkomandi. Svör bárust frá öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokknum, Flokki heimilanna, Hægri grænum, Húmanistum og Regnboganum.

Fyrsta spurningin til flokkanna er:

Er það forgangsmál í þínum flokki að taka á skuldavanda heimilanna? Ef svo er, hvaða leið ætlið þið að fara að því marki og hverjir eiga að njóta aðgerðanna?

Eygló Harðardóttir, Framsóknarflokki:

Já, Framsóknarmenn hafa lagt til almenna skuldaleiðréttingu á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána. Fyrstu tillögur okkar um almenna skuldaleiðréttingu komu fram árið 2009, þar sem við vildum að afsláttur-inn á lánasöfnum bankanna yrði látinn ganga áfram til þeirra sem skulduðu. Það tækifæri var ekki nýtt. Síðan þá hafa bankarnir bókfært hagnað sem nemur samanlagt hátt á þriðja hundrað milljörðum frá hruni, fyrst og fremst vegna uppfærslu á lánasöfnum.

Allar götur síðan höfum við leitað leiða til að koma til móts við skuldsett heimili. Sú leið sem okkur hugnast best til þess er að samhliða uppgjöri föllnu bankanna og afnámi gjaldeyris-haftanna verði svigrúmi sem þá skapast nýtt til handa heimilunum.

Lýður Árnason, Lýðræðisvaktinni

Já, við teljum það óumflúið. Lýðræðisvaktin vill rétta hlut heimilanna með því að færa niður höfuðstól almennt á verðtryggðum og gengistryggðum húsnæðislánum. Ennfremur tryggja að skipan húsnæðislána taki mið af ríkjandi reglum um neytendavernd sem Ísland hefur lögleitt gegnum EES.

Allra fyrst vill Lýðræðisvaktin þó kortleggja raunverulega stöðu þjóðarbúsins og fá til þess óháða erlendra sérfræðinga. Inni í því er staða bankanna, ríkissjóðs, sveitarfélaga, heimila og fyrirtækja. Þegar sú úttekt liggur fyrir er betra að sjá hvernig framhaldinu skal háttað.

Sjá fleiri svör á blaðsíðu 10

Árni Páll Árnason, Samfylkingunni

Já, bætt staða heimilanna og lífskjör verður áfram forgangsverkefni. Markvissar aðgerðir á borð við 110% leiðina og endurútreikning erlendra lána, hafa lækkað skuldir heimilanna um rúmlega 200 milljarða og sem hlutfall af landsframleiðslu eru þær í sömu stöðu og 2006. En rannsóknir sýna að ákveðnir hópar eru enn í erfiðri stöðu og þeirra þörfum þarf að mæta. Þetta eru þeir sem keyptu á versta tíma fyrir hrun og þau heimili sem þurftu lánsveð til íbúðarkaupa. Auk þess hafa þeir sem eru með lán hjá Íbúðarlánasjóði ekki fengið jafn miklar niðurfærslur og aðrir, þar þarf að tryggja sambærilegar úrbætur.

Til að mæta greiðsluvanda heimilanna hafa að auki 100 milljarðar runnið til fjölskyldna í barna- og vaxtabætur á kjörtímabilinu. Þar viljum við enn bæta í. Til framtíðar er besta umhverfið fólgið í stöðugu gengi og vörn gegn verðbólgu, kjararýrnun og eignaupptöku. Því boðum við ábyrga hagstjórn sem miðar að stöðugleika og möguleika á inngöngu í myntsamstarf ESB. Í Evrópu býr fólk við mun lægri vexti og verðbólgu og það væri ábyrgðarleysi að loka dyrunum að slíkum kjörum fyrir íslensk heimili.

Vésteinn Valgarðsson, Alþýðufylkingunni:

Það er brýnt að leiðrétta forsendubrestinn og stökkbreytinguna sem varð á flestöllum húsnæðislánum þegar kreppan skall á og eiginlega galið að það hafi ekki verið gert fyrir löngu. Sértækar lausnir hafa hvergi nærri reynst nógu vel og drjúgur hluti heimilanna í landinu rambar á barmi gjaldþrots. Stökkbreyttar skuldir annarra, sem geta þó staðið í skilum, eru jafnranglátar og því jafnrétt að skera þær niður.

Við mundum því beita okkur fyrir almennum aðgerðum sem mundu gagnast svo að segja öllum lánþegum, til dæmis að setja afturvirkt þak á verðtrygginguna og láta bankana borga leiðréttinguna. Brýnast af öllu er þó að félagsvæða fjármálakerfið allt, að fjármálaþjónusta í landinu verði félagslega rekin, opinber þjónusta og fólk geti fengið þá fjármálaþjónustu sem það þarf án þess að borga af því okurvexti. Það er okkar höfuðmál: að félagslega reknu fjármálakerfi verði komið á laggirnar svo fólk geti t.d. komið sér upp hóflegu heimili á því sem næst kostnaðarverði, hvort heldur það er til eignar eða leigu.

Garðar H. Guðjónsson skrifar:

Fleiri valkosti á húsnæðismarkaði

Garðar H. Guðjónsson.

Við Vinstri græn teljum að endurskoða þurfi húsnæðiskerfið með það fyrir augum að auka fjölbreytni og bjóða upp á fleiri raunhæfa búsetukosti. Við tökum þannig undir með til að mynda Alþýðusambandinu sem hefur lagt fram athyglisverðar hugmyndir um aukna fjölbreytni á húsnæðismarkaði og að byggja hér að nýju upp félagslegt húsnæðiskerfi. Kannski getum við lært af frændum vorum á Norðurlöndum í þessu sambandi.

Þetta þýðir alls ekki að okkur sé uppsigað við að fólk eignist sitt eigið húsnæði. Þvert á móti, við viljum einmitt leita raunhæfra leiða til að gera fólkinu í landinu kleift að eignast þak yfir höfuðið og búa þar síðan við öryggi og stöðugleika. En séreignarstefnan hentar ekki öllum. Valkostirnir þurfa því að vera fleiri, meðal annars til þess að ungt fólk og barnafjölskyldur geti með sæmilega góðu móti fengið þak yfir höfuðið.

Ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar hefur gripið til fjölmargra ráðstafana til að koma fólki í skuldavanda til hjálpar. Komið var á fót embætti umboðsmanns skuldara, þak var sett á dráttarvexti og síðast en ekki síst hafa vaxtabætur verið hækkaðar stórlega. Það hefur lækkað vaxtakostnað heimilanna um 10-45 prósent, mest hjá þeim sem lægstar hafa tekjurnar. Þannig hefur skattkerfinu verið beitt með réttlátum hætti til að jafna lífskjör.

Betur má þó ef duga skal í mörgum tilvikum og við verðum að halda áfram að leita lausna á vanda þeirra sem eru í mesta greiðsluvandanum, jafnt þeirra sem eiga og þeirra sem leigja. Það er ekki endilega töfralausn að afnema verðtryggingu en hún stenst ekki í óbreyttri mynd. Henni verður að setja skorður til að verja fólk fyrir áföllum og kollsteypum. Að sama skapi gengur ekki að fólk leggi í fjárhagslegar óvissuferðir til áratuga þótt lánin séu óverðtryggð. Öryggi og stöðugleiki eru lykilorðin í þessu sambandi.

Húsnæðismál og endurskoðun húsnæðislána verða eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda á næstu árum. Þar horfum við í VG til framtíðar um leið og við leitum raunhæfra lausna á þeim fortíðarvanda sem blasir við okkur.

Höfundur skipar 5. sæti á lista Vinstri- grænna í Suðvesturkjördæmi

ÖRVERUR – HÚSASÓTT – HÚSASVEPPUR

Hefur einhver verið veikur lengi...
nefrennsli, hálsbólga, magaverkir, höfuðverkir

Er nokkuð svona heima hjá þér...

Láttu Ráðtak ástandsskoða íbúðina, fyrirtækið, sumarbústaðinn, farartækið, skipið, húsbílinn áður en þú kaupir, leigir eða selur.

Bara fagmennska!

Ráðtak

www.radtak.is | Síðumúla 37, 108 Reykjavík | Sími 588 9100

Í ÞYNGDINNI
FELST STYRKURINN

LOFTORKA í Borgarnesi hefur í áratugi sérhæft sig í framleiðslu á forsteyptum hlutum úr steinsteypu svo sem einingum í einingahús, steinrörum í frárennslislagnir, stoðveggjum, sorptunnuskýlum og fjölbreyttri annarri staðlaðri framleiðslu. **LOFTORKA** býr einnig yfir mikilli þekkingu þegar kemur að framleiðslu á sérsmíðuðum einingum, allt frá fíngerðri sjónsteypu í innréttingar til flókinna eininga fyrir stóriðju eða brúarmannvirki og allt þar á milli.

Nefndu það, við steypum það.

KYNNIÐ YKKUR ÚRVAL OG FÖLBREYTTAR LAUSNIR Á
WWW.LOFTORKA.IS

LOFTORKA Í BORGARNESI EHF

Engjaási 2 • 310 Borgarnesi • sími 433 9000 • loftorka@loftorka.is

AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í viðtali við Bæjarblaðið Kópavog:

„Í Kópavogi er allt til alls og það er alveg ljóst að fólk sækist eftir því að búa í bænum“

Í tilefni þess að fyrsta tölublað Bæjarblaðsins Kópavogs kemur út í dag var tekið hús á bæjarstjóra og hann spurður spjörunum úr. Við byrjum á því að góðum íslenskum sið að spyrja bæjarstjóra um ætt og uppruna.

Hver er maðurinn? „Ég fæddist á Akureyri 17. júlí 1966 og er að mestu alinn þar upp, með tveimur undantekningum þó, þar sem ég bjó um tíma í sveit, Þverá í Öxnadal, og á Patreksfirði.

Eftir grunnskóla fór ég í Iðnskólann á Akureyri, sem nú heitir Verkmenntaskóli, og lauk ég þar grunndeild rafiðna. Að því loknu lá leiðin í Menntaskólann á Akureyri og þaðan í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Á þessum árum tók ég einnig svifflugs- og einkaflugmannspróf en hef þó lítið sinnt því áhugamáli mínu undanfarin ár. Vonandi gefst betra tækifæri til þess síðar. Ég stofnaði ungur að árum auglýsingastofuna Nonni og Manni en nafninu var síðar breytt í ENNEMM þegar fjölgaði í eigendahópnum. Eiginkona mín er Hulda Guðrún Pálsdóttir og saman eigum við tvö börn.“

-Þá er bæjarstjóri inntur eftir því hvenær hann hóf afskipti af stjórnmálum. Hver var aðdragandi þess?

„Ég byrjaði að spá mikið í pólitík á menntaskólaárunum en það var þó ekki fyrr en á háskólaárunum sem ég gekk í Sjálfstæðisflokkinn. Ég starfaði þar í ungliðahreyfingunni og sat m.a. í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna. Svo æxluðust mál þannig að ég tók að mér að vera kosningastjóri árið 1995 fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Norðurlandskjördæmi eystra og upp frá því hefur líf mitt, meira og minna, snúist um pólitík.

Ég hef verið aðstoðarmaður ráðherra, setið á þingi og í bæjarstjórn Kópavogs frá árinu 1998 og gegnt þar ýmsum trúnaðarstörfum. Fyrir rúmu ári varð ég svo bæjarstjóri Kópavogs.“

Landsmenn hafa fylgst með meirihlutaskiptum og átökum í bæjarstjórn Kópavogs síðustu ár og ekki síst á yfirstandandi kjörtímabili. Því er ástæða til að spyrja bæjarstjóra út í þau mál og hvort draga megi lærdóm af þeim átökum. Hann segir að átök í bæjarstjórn Kópavogs séu ekki ný af nálinni:

„Það er rétt hjá þér að saga bæjarstjórnarmála í Kópavogi er að mörgu leyti saga átaka. Ef rýnt er til dæmis í bókina Við byggðum nýjan bæ, eftir Huldu Jakobsdóttur, fyrrverandi bæjarstjóra, má sjá að átökin voru oft hatrömm á fyrstu árum sveitarfélagsins. Ég dreg þó enga fjöður yfir það að átökin milli aðila í bæjarstjórn síðustu árin hafa einnig gengið úr hófi fram. Þau eru oft á tíðum bundin við ákveðnar persónur.

Við höfum þó verið að reyna að breyta þessari umræðuhefð, til dæmis með breytingum á fundarfyrirkomulagi bæjarstjórnar. Þannig höfum við reynt að gera umræðu um einstök mál markvissari og betri. Það er ekki komin löng reynsla á þetta nýja fyrirkomulag, nokkrir fundir hafa gengið mjög vel en aðrir hafa farið í gamla farið. Ég hygg að við munum fara yfir þessar nýju reglur aftur og breyta ef þörf er á, til að ná betur markmiðum okkar. Þegar allt kemur til alls er þetta þó í höndum bæjarfulltrúanna sjálfra, það breytist ekkert nema þeir hafi raunverulegan áhuga og vilja til þess.“

-Er Kópavogsbær svefnbær að mati bæjarstjóra eða er það liðin tíð?

„Það er langt síðan Kópavogsbær hætti að flokkast sem svefnbær. Hér hefur verið mikil uppsveifla frá því meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tók við stjórn bæjarins árið 1990 og svo aftur núna þar sem við erum í góðu samstarfi við Y-Lista Kópavogsbúa. Íbúum hefur fjölgað umtalsvert og það sama má segja um fyrirtækin í bænum.

Í stuttu máli má segja að hér sé allt til alls. Kópavogur er öflugt atvinnusvæði þar sem stunduð er fjölbreytt atvinnustarfsemi á sviði verslunar, þjónustu og framleiðslu. Hér eru góðir skólar, góð íþróttaaðstaða og blómlegt menningarlíf. Íbúum fjölgar jafnt og þétt milli ára og eftirspurn eftir lóðum er að aukast töluvert. Það er því alveg ljóst að fólk sækist eftir því að búa í Kópavogi.“

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri heimsótti alla leikskóla í Kópavogi á síðasta ári til að kynna sér starfsemi þeirra. Með honum er Rannveig Ásgeirsdóttir, formaður bæjarráðs. Nú heimsækir Ármann alla grunnskóla bæjarins í sama tilgangi.

Ármann ásamt heiðurslistamanni Kópavogs árið 2012, Ingibjörgu Þorbergs, og formanni lista- og menningarráðs, Karen E. Halldórsdóttur.

Um sameiningu við önnur sveitarfélög: „Ég er ekki viss um að það sé það sem bæjarbúar vilja. Maður getur líka spurt sig af hverju við ættum að vera breyta því sem vel gengur...“

Um fjárhagsstöðu bæjarsjóðs: „Skuldahlutfallið, þ.e.a.s. skuldir á móti tekjum, hefur líka verið að batna hratt og stefnum við að því að ná því niður fyrir 150% innan fárra ára...“

-Hvernig er bæjarbragurinn að mati bæjarstjórans?

„Það kom mér mjög á óvart, þegar ég flutti hingað frá Reykjavík, hve ég upplifði sterkan bæjarbrag, ef svo má að orði komast. Kópavogsbúar eru mjög meðvitaðir um bæinn sinn og gera miklar kröfur til þeirra sem stjórna honum. Ég hafði ímyndað mér að það skipti ekki öllu máli hvort maður byggi í Kópavogi eða Reykjavík en því er allt öðruvísi farið. Þessi sterka upplifun varð til þess, meira en kannski nokkuð annað, að ég ákvað að skella mér í bæjarpólitíkina.“

-Hvernig er hinn dæmigerði Kópavogsbúi í huga bæjarstjórans?

„Hinn dæmigerði Kópavogsbúi lítur ekki yfir lækinn heldur lítur sér nær því hann veit að Kópavogur hefur upp á allt að bjóða. Hinn dæmigerði Kópavogsbúi tekur virkan þátt í félags- og íþróttalífi bæjarins, sækir sundlaugar og söfn, og kaupir sínar vörur og þjónustu innan bæjarmarkanna.

Hinn dæmigerði Kópavogsbúi lætur sig bæinn miklu varða og hefur sterkar skoðanir á því hvernig best sé að haga málum.“

-Kópavogur hýsir margar verslanir, er rétt að kalla hann verslunarbæ?

„Já, það er augljóst. Hér er til dæmis stærsta verslunarmiðstöð landsins, Smáralind, en við erum einnig með öfluga verslunarkjarna, svo sem á Smáratorgi, í Lindum og í Breiddinni þar sem Byko hefur m.a. verið í áratugi.“

-Hvernig er fjárhagsstaðan?

„Fjárhagsstaða Kópavogs er í raun mjög sterk þrátt fyrir áföllin sem dundu yfir á haustmánuðum 2008. Í kjölfarið urðu til dæmis mikil lóðaskil sem þýddi að peningar streymdu úr bæjarsjóði. Að undanförnu hefur hins vegar orðið mikill viðsnúningur og lóðir hafa gengið mjög hratt út. Skuldahlutfallið, þ.e.a.s. skuldir á móti tekjum, hefur líka verið að batna hratt og stefnum við að því að ná því niður fyrir 150% innan fárra ára.

Aðalatriðið er að reksturinn er sterkur, rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði og lífeyrisskuldbindingar, hefur verið góður og veltufé frá rekstri er orðið hátt í þrír milljarðar króna. Þetta sýnir sterkan tekjugrunn enda er eftirsóknarvert að búa í Kópavogi.“

-Kemur sameining við önnur sveitarfélög til greina að þínu mati?

„Ég held að slíkar viðræður séu alls ekki tímabærar vegna þess að sveitarfélögin eru enn að jafna sig eftir bankahrunið. Þar fyrir utan eru ýmsar rannsóknir sem sýna fram á að heppileg stærð á sveitarfélögum geti verið á bilinu þrjátíu til fimmtíu þúsund íbúar. Því getur með öðrum orðum fylgt mikill kostnaður að hafa sveitarfélag of stórt; stjórnsýslan verður þá flóknari og dreifðari, auk þess sem nálægð bæjarbúa við stjórnkerfið verður ekki eins mikil.

Ég er ekki viss um að það sé það sem bæjarbúar vilja. Maður getur líka spurt sig af hverju við ættum að vera breyta því sem vel gengur.

-Hver er framtíðarsýnin?

„Ef rétt er haldið á spilunum sé ég fyrir mér að Kópavogur verði í náinni framtíð draumasveitarfélagið; fjárhagslega sterkt sveitarfélag með lága skatta og fyrsta flokks þjónustu.“

-HÞ

Ólympíumeistara og Kópavogsbúa, Jóni Margeiri Sverrissyni, fagnað við heimkomu að loknum Ólympíuleikunum 2012.

Allir reikningar frá Kópavogsbæ nú aðgengilegir í íbúagáttinni

Allir reikningar Kópavogsbæjar svo sem vegna leikskólagjalda, fasteignagjalda og annarra gjalda birtast nú í íbúagáttinni sem nálgast má á vef Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is. Þar með er ekki talin þörf á því lengur að birta reikninga bæjarins í heimabanka viðkomandi aðila. Kópavogsbúar eru hvattir til að skrá sig í íbúagáttina en þar geta þeir séð reikninga og yfirlit yfir samskipti sín við bæinn.



Tilgangur íbúagáttarinnar er að veita Kópavogsbúum betri rafræna þjónustu. Í gáttinni er til dæmis hægt að sækja um margvíslega þjónustu, senda formleg erindi til bæjaryfirvalda, skoða reikninga og yfirlit og fylgjast með framgangi sinna mála hjá bænum.

Íbúagáttin var tekin í notkun fyrir rúmu ári og sífellt fleiri bæjarbúar nýta sér hana. Efst til hægri á vef bæjarins er hægt að komast inn í gáttina og skrá sig.

Lendi einhver í vandræðum er hægt að hafa samband við þjónustuver bæjarins í síma: 570 1500 eða með því að senda tölvupóst á kopavogur@kopavogur.is

Hraustir krakkar í Lindaskóla

Lið Lindaskóla í Skólahreysti tryggði sér sæti í úrslitakeppninni sem fram fer í Laugardalshöllinni þann 2. maí. Þessir duglegu krakkar eru:Valdimar Friðrik Jónatansson, Einar Karelsson, Valdís Björk Guðmundsdóttir, Ingibjörg Petrea Ágústsdóttir, Inga Aðalheiður Pétursdóttir og Hrannar Jónsson

Willum Þór Þórsson skrifar:

Óréttlætið felst í að heimilin sitji ein og óstudd uppi með afleiðingar hrunsins

Heimilin eru grundvallareining hagkerfisins, undirstaða þess og drifkraftur. Þung skuldastaða og erfið greiðslubyrði lána samhliða skattahækkunum, auknum opinberum álögum og hækkandi verðlagi hafa skert ráðstöfunatekjur heimila enda liggur sú staðreynd fyrir að um það bil helmingur heimila á Íslandi á erfitt með að ná endum saman. Stjórnmálaumræðan hverfist því æ meir um þessa erfiðu stöðu heimilanna. Við í Framsóknarflokknum höfum talað skýrt og afgerandi um það hvað við viljum gera og sett það í forgang að leysa þennan vanda. Forgangsmálin eru skuldaleiðrétting, afnám verðtryggingar og efling atvinnlífs.

Við höfum sagt að ekkert réttlæti það að heimilin sitji ein og óstudd uppi með þessar afleiðingar efnahagshrunsins og því þarf að leiðrétta stökkbreytt húsnæðislán. Ekki er lengur deilt um að svigrúm er til staðar í formi afskrifta eða skattlagningar á eignir erlendra kröfuhafa bankanna. Þetta svigrúm viljum við nýta til handa heimilunum.

Við viljum afnema verðtryggingu á neytendalánum og tryggja lántakendum um leið möguleika á að breyta yfir í óverðtryggð lán. Þar verður að útfæra nýtt húsnæðislánakerfi þar sem kostnaður er viðráðanlegur og þekktur og áhættunni jafnað á milli lántaka og lánveitanda.

Hagkerfið er hringrás verðmætasköpunar, hringrás framleiðslu og peninga. Fyrirtækin eru hin grunnefnahagseiningin, stoð atvinnulífsins. Því viljum við Framsóknarmenn efla atvinnulífið og gera það með einföldun regluverks og lækkun skatta og auka þannig framleiðni og hvata til nýsköpunar og mannaráðninga.

Þannig eykst ráðstöfunargeta heimilanna og fjárfestingargeta fyrirtækjanna. Þannig virkar efnahagshringrásin sem forsenda vaxtar og velferðar.

Willum Þór Þórsson.

Þannig virkar Framsókn fyrir heimilin og atvinnulífið.

Willum Þór Þórsson, fjölskyldufaðir og hagfræðingur skipar 2. sætið á lista Framsóknarflokksins í suðvesturkjördæmi.

X2013

Alþingiskosningar 2013

Fyrsta spurningin til flokkanna er:

Er það forgangsmál í þínum flokki að taka á skuldavanda heimilanna? Ef svo er, hvaða leið ætlið þið að fara að því marki og hverjir eiga að njóta aðgerðanna?

Ögmundur Jónasson, Vinstri-grænum

Ekki varð samstaða um að taka vísitöluna úr sambandi í upphafi hruns eins og hugmyndir komu fram um úr okkar ranni, né um almenna niðurfærslu skulda. Var þá horfið til þess ráðs að stórefla vaxtabótakerfið. Á árunum 2011 til og með 2013 námu vaxtabætur samtals rúmlega 44 milljörðum króna. Um þennan stuðning hefur munað þótt það vilji gleymast í umræðunni. Á árunum 2011 og 2012 var að jafnaði um 30% vaxtakostnaðarins endurgreiddur úr ríkissjóði en allt upp í 45% hjá tekjulægstu heimilunum.

VG hefur teflt fram þeirri hugmynd að vaxtabætur verði greiddar í byrjun árs með hliðsjón af höfuðstóli lána, óháð því hvort viðkomandi hafi verið fær um að greiða afborganir og þar með vexti og þótt lán væru í frystingu. Vaxtabætur geti þannig nýst til að lækka höfuðstól.

Þá höfum við unnið að samkomulagi við lífeyrissjóðina vegna lánsveða. Vonir standa til að okkur sé að takast að ná samkomulagi um niðurfærslu á lánsveðum. Það er réttlætismál.

Allir verða að sitja við sama borð. Hvað varðar 110% leiðina og leiðréttingar vegna gengistryggðra lána, þá er einn hópur sem enn stendur út af og það eru viðskiptavinir fyrrum Spron og Frjálsa fjárfestingarbankans. Þeir voru settir undir regnhlíf þrotabúa þessara banka, nú Dróma. Við vinnum að því að greiða götu þessa fólks sem engan veginn hefur fengið sanngjarna úrlausn sinna mála.

Fjármálastofnanir litu á milljarðatugina sem fóru í niðurfærslu samkvæmt 110% aðferðafræðinni sem þegar orðið tap. Því miður eru margir enn í vanda. Ljóst er að koma verður til móts við það fólk á komandi tíð af réttlætisástæðum en einnig af fjárhagslegri nauðsyn.

Hákon Einar Júlíusson, Pírötum:

Langmikilvægasta verkefnið gagnvart skuldavanda heimilanna er að byggja hér upp peningakerfi sem virkar með íslenskri krónu og íslenskum markaði til frambúðar. Ég hef miklar áhyggjur af því að ofuráherslan á skyndilausnir í þessari kosningabaráttu verði til þess að enn og aftur yfirsjáist yfirvöldum að breyta peningakerfinu á þann hátt að það þurfi ekki að hrynja til grunna með reglulegu millibili. Píratar vilja aðstoða fólk í að leita réttar síns samkvæmt lögum gagnvart bönkunum og jafnvel má hjálpa fólki að skuldbreyta yfir í óverðtryggð lán í þeim tilfellum sem það er á annað borð mögulegt, en það sem er miklu mikilvægara, og virðist vera að gleymast í þessari kosningabaráttu, er að við þurfum langtímalausnir.

Enginn flokkur utan Pírata virðist skilja að ekkert breyttist í grundvallaratriðum við peningakerfi Íslands eftir hrun. Við viljum endurskoða gjörvallt peningakerfið með það að markmiði að hrun verði ekki og að verðtrygging verði óþörf. Þá koma sérstaklega inn hugmyndir um hliðargjaldmiðla.

Guðmundur Steingrímsson, Bjartri framtíð:

Við teljum það forgangsatriði að bæta lífskjör. Til þess þarf fjölbreytt atvinnulíf sem borgar góð laun, stöðugleika sem lækkar vexti á lánum, lægra vöruverð með inngöngu í ESB og opnara samkeppnisumhverfi, betri leigumarkað, svo fátt eitt sé nefnt.

Mörg heimili eiga í greiðsluvanda vegna þess að lán eru of dýr á Íslandi. Það er forgangsatriði að gera lánin ódýrari, að komast út úr verðbólgu-umhverfinu. Fram að því er hægt að gera ýmislegt til að hjálpa fólki í greiðsluvanda, s.s. greiða vaxtabætur, hugsanlega setja þak á verðtryggingu, leyfa inngreiðslum lífeyrissparnaðar að renna að hluta til greiðslu höfuðstóls, beina fólki til Umboðsmanns skuldara og í þau afskriftaúrræði sem þar bjóðast, afnema stimipilgjöld svo fólk geti skuldbreytt í hagstæðari lán þegar þau bjóðast. Við erum opin fyrir hugmyndum í þessum efnum og lítum að sjálfsögðu á það sem forgangsmál að koma fólki úr vandræðum.

Margrét Tryggvadóttir, Dögun

Að mati Dögunar er það algjört forgangsmál að leiðrétta skuldir heimilanna. Sýnt hefur verið fram á að margar leiðir eru færar til þess og gerum við ekki upp á milli þeirra. Ein er leið sem Hreyfingin lagði til á sínum tíma þar sem hækkun á skuldum heimila umfram verðbólgumarkmið Seðlabankans eru teknar af skuldunum og settar til hliðar í sérstakan skuldaafskriftasjóð sem greiddur er upp á 20 árum.

Önnur leið er svokölluð skiptigengisleið sem felur í sér myntskipti með upptöku annars gjaldmiðils (erlends eða nýrrar krónu) þar sem miklum eignum og skuldum er skipt á mismunandi gengi. Slík aðgerð var framkvæmd í Þýskalandi eftir seinni heimstyrjöld og er grunnur þess sem síðar var nefnt þýska efnahagsundrið. Þá er einnig mögulegt fyrir ríkið að ná þessu fé inn, ýmist með afslætti þegar kemur að afléttingu "snjóhengjunnar" eða skattheimtu á ógnarhagnað fjármálafyrirtækja en bankarnir þrír hafa hagnast um yfir 200 milljarða frá hruni.

Allir sem skulda verðtryggð lán (sem og gengislán hjá Íslandsbanka en þau hafa ekki verið dæmd ólögleg) urðu fyrir forsendubresti og hann ber að leiðrétta, óháð því hvenær lán voru tekin eða hvaða hópi skuldarinn tilheyrir. Til að ráðast í þessar aðgerðir þarf kjark og hann hefur Dögun.

Lífsgæði, friðsæld og útivist

Vilt þú lifa lífinu í glænýju, fyrsta flokks húsnæði í kyrrlátu umhverfi og í tengslum við náttúruna? Þá gæti þetta verið húsið fyrir þig.

Frá **Boðaþingi 10–12** í Kópavogi er stutt í náttúruperlurnar Heiðmörk og Elliðavatn, golf, veiði, hestamennsku og sund svo eitthvað sé nefnt. Húsið er byggt í samræmi við ítrustu kröfur; vandaðar innréttingar, hjónasvíta, sólskáli og sér þvottaherbergi í hverri íbúð, bílskýli, lyfta og upphitaðar stéttir á lóð. AEG eldhústæki, granítborðplötur og sólbekkir, hreinlætistæki frá Tengi, innréttingar frá Axis, flísar frá Birgisson og innhurðir frá Víkurási. Þessi eign er fyrir þá sem vilja hugsa til framtíðar. Viðhaldslítið hús með fullfrágenginni sameign.
Til sýnis og afhendingar nú þegar.

Boðinn, ein glæsilegasta þjónustumiðstöð höfuðborgarsvæðisins, er við Boðaþing.

AÐEINS FYRIR 55 ÁRA OG ELDRI

Verðdæmi:
2ja herb. / 52 fm / frá 16,9 millj.
2ja herb. / 87 fm / frá 25,5 millj.
2ja herb. / 94,5–98 fm / frá 25,9 millj.

Frekari upplýsingar hjá söluaðilum:

heimili FASTEIGNASALA
Sími: 530 6500 / heimili.is

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
Sími: 510 3800 / husavik.net

FASTEIGNASALAN MIKLABORG
Sími: 569 7000 / miklaborg.is

Byggingaraðili: HÚSVIRKI

SUMARTILBOÐ
Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is

VH/13-01

70 mm bjálki / Tvöföld nótun

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GESTAHÚS og GARÐHÚS **sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður**

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 36 m²
kr. 2.299.900,- án fylgihluta / án verandar.
kr. 2.699.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti / án verandar.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu **volundarhus.is**

28 mm bjálki

TILBOÐ - BARNAHÚS 2,1 m²
kr. 139.900,- án fylgihluta
kr. 169.900,- m/fylgihlutum

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9 m² - án gólfs
kr. 329.900,- án fylgihluta
kr. 369.900,- m/fylgihlutum

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 359.900,- án fylgihluta
kr. 399.900,- m/fylgihlutum

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is · Sími 864-2400

RENNUR & NIÐURFÖLL

Gerum tilboð !
Sími 694 8448

Er allt farið að leka og skemmast?

Fyrirtækið Rennur og Niðurföll tekur að sér að laga þakrennur, niðurföll, bárujárnsklæðningar, leka á þökum, þakmálun og hreinsun uppúr þakkrennum ásamt allri annari smíðavinnu.

Við gerum tilboð í verkið þitt.

Nánari upplýsingar fást hjá Ólafi í síma 694-8448

Elín Hirst skrifar:

Lausnir fyrir alla strax!

Kæri Kópavogsbúi

Mig langar til að útskýra fyrir kjósendum tillögur Sjálfstæðismann til að létta skuldsettum heimilunum í landinu róðurinn og flýta fyrir eignamyndun. Í hverjum mánuði geta þeir sem eru með íbúðalán fengið 40 þúsund krónur í skattaafslátt. Þessar 40 þúsund krónur renna beint til að greiða inn á höfuðstól lánsins til lækkunar á því. Öllum Íslendingum stendur þessi leið til boða skuldi þeir lán vegna húsnæðis. Til viðbótar má nota séreignasparnaðinn, þ.e. 2 % prósent framlag þitt og 2% framlag vinnuveitenda skattfrjálst í hverjum mánuði til að greiða inn á höfuðstólinn. Það er góð fjárfesting því eins og menn vita sem hafa verið að taka út séreignarsparnað sinn vegna fjárhagserfiðleika er hann skattlagður um leið og hann er nýttur. Með þessu tvennu gefst fólki kleift að lækka íbúðalán sín um allt að 20% á fimm árum.

Tökum hjón með 600 þúsund krónur í heildartekjur sem skulda 20 milljónir króna verðtryggt íbúðalán. 35 ár eru eftir af láni, vextir eru 4,7% og verðbólgan 3,5% að meðaltali. Að óbreyttu hækkar lánið um 2,2 milljónir á næstu fimm árum. Með aðgerðum Sjálfstæðisflokksins lækkar höfuðstóll landsins og stendur í 18 milljónum að fimm árum liðnum. Munurinn er 2,4 milljónir eða um 20% og greiðslubyrði af láninu léttist í samræmi við það.

Elín Hirst.

Unga fólkið okkar

Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að veita þeim eru á leið inn á fasteignamarkaðinn og samskonar skattafslátt eða 40 þúsund krónur til að ýta undir sparnað. Þannig vill flokkurinn stuðla að því að sem flestar fjölskyldur fái tækifæri til að eignast eigin húsnæði með minni áhættu. Sá sem getur lagt fyrir 100 þúsund krónur á mánuði mun eiga um 6,7 milljónir króna með skattaafslætti eftir fjögur ár, auk vaxta.

Ekki fleiri gjaldþrot

Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að afnema stimpilgjöld, en það er gert til að gera fólki auðveldara að skipta um húsnæði, endurfjármagna lán og færa bankaviðskipti sín og tryggja þannig betur samningsstöðu fólks gagnvart fjármálastofnunum, en nú er.

Þeir sem ekki ráða við greiðslur af íbúðarhúsnæði fá tækifæri til að skila lyklunum í stað gjaldþrots, samkvæmt kosningastefnuskrá Sjálfstæðisflokksins, sem er mikilvægt.

Einnig er það stefna flokksins að lántakendur að geta valið um bæði verðtryggð og óverðtryggð lán til langs tíma á sanngjörnum vöxtum. Mjög mikilvægt er að fólk hafi val. Nauðsynlegt er einnig að endurskoða samsetningu neysluverðsvísitölunnar, enda afar óeðlilegt að t.d. hækkun á bensíngjaldi leiði til þess að íbúðalán hækki – jafnvel íbúðalán þess sem engan bíl á.

Þetta virkar!

Kjósum skynsamlegar tillögur sem staðið verður við. Ég var spurð á dögununm, hvernig ætlið þið að lækka skatta en standa samt undir þeirri velferð sem þið lofið. Jú, skattalækkun mun þýða tekjutap ríkissjóðs alveg í byrjun en svo stækkar skattastofninn með auknu athafnalífi á öllum stöðum og skatttekjur ríkisins hækka. Þetta hefur verið reynt víða um heim og virkar. Ég hvet kjósendur til að reikna sitt dæmi og sjá að þetta eru ekki töfralausnir heldur verulegt bót sem staðið verður við. Og aðalatriðið er að hún byrjar að virka strax.

Höfundur skipar 5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi fyrir Alþingiskosningarnar 27. apríl

JEPPADEKK

ARCTIC TRUCKS

fyrir flestar stærðir jeppa og jepplinga

Dick CEPEK TIRES & WHEELS

Vönduð amerísk heilsársdekk
- stærðir 31- 44 tommur
- slitsterk
- neglanleg
- má míkróskera
- frábært veggrip

Gott verð!

AT405 RADIAL

38x15,5R15
38 tommu dekk sem er sérstaklega hannað fyrir íslenskar aðstæður.
- slitsterkt
- endingargott
- hljóðlátt
- míkróskorið
- neglanlegt

Dekkja-verkstæði á staðnum. Bjóðum alla almenna dekkja-þjónustu.

Við eigum dekkin undir bílinn þinn og bjóðum upp á alla dekkjaþjónustu.
Þú kemur þér notalega fyrir með kaffibolla meðan þú bíður.
Bjóðum einnig ástandsskoðanir, smurþjónustu og almenna viðgerðarþjónustu.

Skjót og góð þjónusta!

Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is

BB kremið frá Pure inniheldur steinefni sem hjálpa við að ná fersku yfirbragði og náttúrulegu útliti.

Collacen Avacado oil

Allantoin Aloe Vera

Engin ilmefni.

Frábært verð!

Dreifingaraðili Danson ehf Víkurhvarf 5 Sími 588-6886

MATUR OG LÍFSSTÍLL

LÁGKOLVETNA MATARÆÐI ER VINSÆLAST Í DAG

Bókin sem vermir efstu sæti metsölulista bókabúðanna um þessar mundir er LKL bókin, lágkolvetnalífstíllinn. Hún er eftir Gunnar Má Sigfússon sem hefur um langt árabil verið einn vinsælasti líkamsræktarþjálfari og heilsuráðgjafi landsins.

Dagskipunin er: út með kolvetnin inn með fituna.

Fyrir 30 árum hófst barátta gegn fituríkum mat og markaðssetning og sala fitusnauðrar fæðu hóf innreið sína. En síðan hefur offita aukist í heiminum og verður sífellt meira heilbrigðisvandamál.

Margar nýlegar rannsóknir sýna og sanna að mataræði sem byggir á lágu kolvetnainnihaldi og hærra hlutfalli fitu skilar fólki mestum árangri við þyngdarstjórnun, að öðlast heilbrigðari lífsstíl og betri heilsu. Fólk um víða veröld er að tileinka sér lágkolvetna mataræði. Smjör, rjómi, beikon og egg, er það sem allir eru að tala um.

Við fengum góðfúslegt leyfi frá útgefanda til að birta uppskrift úr bókinni.

Nautalundir með chimicurri sósu og aspas

Þessi uppskrift úr bókinni hefur notið mikilla vinsælda en chimicurri sósan lyftir matnum yfir á næsta stig. Hún er góð með ýmsu kjöti og fiski. Í þennan rétt er hægt að nota hvaða kjöt sem er, t.d. lambalundir, lambainnanlæri eða svínalundir. Hér er gefin uppskrift að þessari vinsælu sósu með smjöri en í bókinni er einnig uppskrift að henni með olíu en þær eru ólíkar á bragðið.

Fyrir 4

800 g nautalundir
16 ferskir grænir aspasstilkar
2 msk. smjör eða olía til steikingar
salt og pipar

Skerðu kjötið í þunnar sneiðar og steiktu létt á pönnu. Kryddaðu til með salti og pipar. Settu aspasinn í sjóðandi vatn í 2-3 mínútur. Taktu vatnið af honum, smjörsteiktu á pönnu og saltaðu aðeins.

Chimicurri sósa með smjöri

½ búnt steinselja
¼ rauðlaukur, smátt saxaður
4 hvítlauksgeirar, pressaðir
2 sm engifer, pressað og skorið smátt
3 msk. graslaukur, smátt saxaður
1 rautt chillí, smátt saxað
200 g smjör
2 msk. sojasósa
1 msk. rauðvínsedik
salt og pipar

Bræddu smjörið og láttu það sjóða aðeins þannig að það brúnist. Bættu sojasósu og ediki saman við og síðan kryddjurtum, lauk og engifer. Taktu af hitanum og láttu sósuna standa í 10 mínútur áður en þú berð hana fram.

nettoline

GLÆSILEGAR DANSKAR

INNRÉTTINGAR

Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM, GEFA ÞÉR ENDALAUSA MÖGULEIKA Á AÐ SETJA SAMAN ÞITT EIGIÐ RÝMI.

Baðherbergi

Góðar hirslur

Innbyggðar uppþvottavélar

Pottaskápar

Allar útfærslur



Fataskápar

kitchn®
HREINT OG KLÁRT

Sérsmíði

Þvottahús

Úrvalið er hjá okkur

VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • Opið: Mán. - föst. kl. 09-18 • Laugardaga kl. 11-15

friform.is

BÆJARBÚINN YFIRHEYRSLA

Margrét Friðriksdóttir, skólameistari Menntaskólans í Kópavogi

Bjó á slóðum Hróa hattar í Nottingham

Fullt nafn:
Margrét Friðriksdóttir

Aldur:
55 ára

Foreldrar:
Friðbjörg Vilhjálmsdóttir
og Friðrik Guðmundsson

Hvert liggja ættir þínar?
Fædd og uppalin á Sauðárkróki. Skagfirðingur í húð og hár!

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?
Fornleifafræðingur. Var nokkur sumur í sveit á Víðimýri í Skagafirði og heillaðist af gömlu kirkjunni þar.

Nafn maka:
Eyvindur Albertsson

Starf maka:
Endurskoðandi

Börn/barnabörn:
Bjarni Þór Eyvindsson læknir í Edinborg í Skotlandi. Hann á 4 dásamleg börn með konu sinni Lindu Björk Hafþórsdóttur.

Stærsti sigurinn?
Fá tækifæri til að móta og þróa fjölbreytt skólastarf í Menntaskólanum í Kópavogi.

Í hvað hverfi býrðu?
200 Kópavogi

Er Kópavogur áhugaverður til búsetu? Ef svo er afhverju?
Það er gott að búa í Kópavogi, miðsvæðis, stutt í vinnu, góður bær.

Hefurðu búið erlendis?
Já, á slóðum Hróa hattar í Nottingham í Bretlandi í 1 ár

Ertu tilfinninganæm?
Nei, ég er með góðan skráp.

Ertu rómantísk?
Þegar ég vil það við hafa

Hvað gerir þú þegar þú vilt dekra við makann?
Býð honum gott út að borða.

Hver er þinn helsti kostur?
Skipulögð, nákvæm, samviskusöm.

En galli?
Smámunasöm og stjórnsöm að sumra mati

Ferðastu mikið?
Já, enda með einkason og barnabörn í útlöndum og foreldra út á landi. Hef gaman af því að ferðast.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?
Skagafjörður

Fallegasti staðurinn í útlöndum?
Edinborg í Skotlandi

Eftirminnilegur staður :
Góðrarvonarhöfði. Var stödd á syðsta odda S-Afríku fyrir 3 vikum síðan sem var skemmtileg upplifun.

Ertu hjátrúarfull?
Nei, en ég hef gaman af hjátrú.

Trúir þú á líf eftir dauðann?
Já.

Hefurðu farið til spákonu og/eða trúir þú á slíkt?
Já, hver hefur ekki farið til spákonu sér til gamans. Trúi ekki á slíkt.

Margrét Friðriksdóttir.

Hver eldar oftast á heimilinu?
Algjört jafnræði hjá okkur hjónum.

Uppáhaldsmatur?
Humar og nautasteik að hætti eiginmannsins.

Uppáhaldsdrykkur?
Vatn og rauðvín á góðri stundu

Áttu þér uppáhalds tónlistarmann eða tónlist?
Já, skagfirsku sveifluna

Uppáhaldsbókin?
Þær eru margar en sem fyrrverandi móðurmálskennari er Njálssaga öðrum bókum æðri.

Uppáhalds leikari ?
Meryl Streep, stórkostleg leikkona td. Í hlutverkum Karen Blixen og Margaretar Thatcher

Hvað gerir þú þegar þú ert örg eða ekki í góðu skapi?
Hef tamið mér jafnaðargerð með aldrinum en alltaf er gott að fara í göngutúr eða hesthúsið, það er allra meina bót.

Evrópusambandið, já eða nei?
Er enn að kynna mér málið.

Ertu ánægð með meirihlutann í Kópavogi?
Bæjarstjórn Kópavogs hefur ætíð stutt vel við Menntaskólann í Kópavogi óháð pólitískum meirihluta hverju sinni.

Ertu pólitísk?
Já, en hef lítið sinnt því.

Lífsmottó?
Gera ætíð eins vel og ég get

Fjölskyldan við Edinborgarkastala. Foreldrar mínir, sonur, eiginmaður og 3 barnabörn.

HVAÐ VEISTU UM BÆINN ÞINN?

Svar við spurningunni er: 11. maí 1955

LANDMARK

FASTEIGNASALA

- Hátt þjónustustig

- Vandað vinnuferli

- Öflug liðsheild

Skilar 100% árangri !

Vantar eignir á skrá.
Mikil sala!

...leiðir þig heim!

Landmark fasteignasala | Bolholti 4 | 105, Reykjavík | Sími 512 4900 | landmark@landmark.is
Magnús Einarsson Löggiltur Fasteignasali

SAMSUNG

Miklu meira en sjónvörp og snjallsímar

5000 LÍNAN

32"
40"
46"
50"

Vönduð lína af LED sjónvörpum.
Verð frá: 109.900 kr.

6500 LÍNAN

32"
40"
46"
55"

SMART-TV · 3D · LED · 400 Hz. Frábær myndgæði. USB upptaka.
Verð frá: 189.900 kr.

8000 LÍNAN

40"
46"
55"
65"

Toppurinn í myndgæðum. 7" spjaldtölva fylgir.
NÚ Á TILBOÐI.

HEIMABÍÓ

HT-E5530

Heimabíó 5.1. með Blu-ray spilara, 3D, 1000 W hátalarakerfi.
Tilboðverð: 129.900 kr.

BLU-RAY SPILARAR

BD-ES6600

SMART · Blu-ray spilari · 3D með Wi-Fi
Verð. 59.900 kr.

MYNDAVÉLAR

NX 100

Samsung SMART CAMERA NX

14.3 milljón pixlar, 20-50 mm linsa fylgir.
Tilboðsverð: 49.900 kr.

TÖLVUSKJÁIR

LS24B350HS

Fallegur 24" Full HD tölvuskjár sem hentar vel fyrir alla leiki.
Tilboð 39.900 kr

SPJALDTÖLVUR

Galaxy spjaldtölvur fyrir allt skólafólk.
Sameinaðu námið og leiki í þessum frábæru græjum.
Verð frá 54.900 kr.

FARTÖLVUR

NP355E5C-S01SE

Falleg fartölva með stórum og björtum skjá.
Hentar fyrir alla daglega notkun.
Verð: 124.900 kr.

PRENTARAR

ML-2955ND

Hagkvæmur prentari fyrir allt skólafólk.
Prentar báðum megin og tengist neti.
Frábært tilboð: 19.900 kr

ÖRBYLGJUOFNAR

ME82V-WW

Úrval af mjög vönduðum örbylgjuofnum í ýmsum stærðum.
Þeir gerast ekki flottari.
Verð frá 29.900 kr.

KÆLI-/FRYSTISKÁPAR

Kæli- og frystiskápar, hvítir og stál. Margar gerðir.

UPPÞVOTTAVÉLAR

Glæsilegar innbyggðar uppþvottavélar.

ÞVOTTAVÉLAR/ÞURRKARAR

Eco Bubble þvottavélar, demanta mynstruð tromla.
Verð frá 139.900 kr.

Stærðir 7-12 kg.

KÆLISKÁPAR

Mikið úrval hágæða kæliskápa. Stál og hvítir.

Opið laugardaga frá kl. 11-15

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

KVIKA